

**Kjarafélag viðskiptafræðinga
og hagfræðinga**

Ársreikningur 2023

Borgartúni 6
105 Reykjavík
Kt. 450588-2029

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 25. mars 2024.

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Ársreikningur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga fyrir árið 2023 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga er stéttarfélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Félagið sér um að gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna á almennum og opinberum vinnumarkaði. Ársverk félagsins voru 1,7 en voru 1,9 í fyrra. Stjórnarmenn fengu einnig greitt fyrir stjórnarstörf, líkt og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2023 kr. 52.099.931. Hrein eign félagsins í árslok var jákvæð um kr. 184.934.354.

Í ársbyrjun 2024 stofnuðu Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Stéttarfélag lögfræðinga og Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins nýja þjónustuskrifstofu fyrir félagsfólk. Þar sem hagsmunir félagsfólks þessara félaga liggur yfirleitt saman mun samvinna þeirra skapa tækifæri til að þjónusta félagsfólk enn betur.

Stjórn Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga samþykkir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. mars 2024

Stefán Þór Björnsson, formaður

Helga S. Sigurðardóttir

Sigríður Svavarsdóttir

Ingólfur Sveinsson

Guðjón Hlynur Guðmundsson

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2023. Við höfum engar athugasemdir og leggjum til að hann verði samþykktur.

Magnús Sigurðsson

Jóngeir Hlinason

Rekstrarreikningur 2023

Rekstrartekjur	Skýr.	2023	2022
Félagsgjöld		147.171.278	125.750.288
Iðgjald vegna hagfræðilegrar greiningar o.fl.		3.479.411	0
Aðrar rekstrartekjur		<u>1.100.000</u>	<u>400.000</u>
		<u>151.750.689</u>	<u>126.150.288</u>
Rekstrargjöld			
BHM		37.598.214	28.015.915
Laun og launatengd gjöld	3	52.083.112	49.073.019
Annar rekstrarkostnaður	4	16.260.232	16.223.978
Afskriftir		<u>67.251</u>	<u>67.251</u>
		<u>106.008.809</u>	<u>93.380.163</u>
		Rekstrarhagnaður	32.770.125
		45.741.880	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		7.917.235	2.184.423
Verðbreyting verðbréfaeignar		445.741	48.997
Vaxtagjöld og þóknanir vegna fjárvörslu		(230.263)	(102.604)
Fjármagnstekjuskattur		(1.836.086)	(468.981)
Hlutdeild í afkomu Húsfélags BHM sf.	5	<u>61.424</u>	<u>396.198</u>
		<u>6.358.051</u>	<u>2.058.033</u>
		Hagnaður ársins	34.828.158
		<u>52.099.931</u>	<u>34.828.158</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir

	Skýr.	2023	2022
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir		445.632	512.883
Eignarhlutur í Húsfélagi BHM sf.	5	<u>31.516.498</u>	<u>31.455.074</u>
Fastafjármunir samtals		<u>31.962.130</u>	<u>31.967.957</u>
Veltufjármunir			
Útistandandi félagsgjöld		16.361.708	13.987.897
Verðbréfaeign		30.347.492	0
Handbært fé		106.220.538	91.666.277
Aðrar skammtímakröfur		<u>562.006</u>	<u>0</u>
Veltufjármunir samtals		<u>153.491.744</u>	<u>105.654.174</u>
Eignir samtals		<u><u>185.453.874</u></u>	<u><u>137.622.131</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé í upphafi árs		132.834.423	98.006.265
Afkoma ársins		<u>52.099.931</u>	<u>34.828.158</u>
Eigið fé samtals		<u>184.934.354</u>	<u>132.834.423</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ógreidd laun og launatengd gjöld		0	4.027.451
Ógreiddir reikningar		<u>519.520</u>	<u>760.257</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>519.520</u>	<u>4.787.708</u>
Skuldir samtals		<u>519.520</u>	<u>4.787.708</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>185.453.874</u></u>	<u><u>137.622.131</u></u>

Sjóðstreymi 2023

Handbært fé frá rekstri	2023	2022
Innborganir:		
Innborguð félagsgjöld og iðgjöld hagfr. grein.....	147.714.872	122.617.547
Innborgaðar aðrar tekjur.....	1.100.000	400.000
Innborgaðir vextir.....	7.917.235	2.184.423
Innborganir samtals	<u>156.732.107</u>	<u>125.201.970</u>
Útborganir:		
Greitt til BHM	37.598.214	28.015.915
Greiddur annar rekstrarkostnaður.....	16.500.969	16.145.111
Greidd laun og launatengd gjöld.....	56.110.563	53.336.837
Greiddur fjármagnstekjusk. og bankakostnaður..	2.066.349	571.585
Útborganir samtals	<u>112.276.095</u>	<u>98.069.448</u>
Handbært fé frá rekstri	44.456.012	27.132.522
Fjárfestingarhreyfingar		
Innleyst verðbréf umfram keypt.....	<u>(29.901.751)</u>	<u>4.840.005</u>
Fjárfestingarhreyfingar samtals	<u>(29.901.751)</u>	<u>4.840.005</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	14.554.261	31.972.527
Handbært fé í ársbyrjun	<u>91.666.277</u>	<u>59.693.750</u>
Handbært fé í árslok	<u><u>106.220.538</u></u>	<u><u>91.666.277</u></u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Upplýsingar um félagið

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga er aðildarfélag að Bandalagi háskólamanna og er meginstarfsemi félagsins að vinna að bættum kjörum félagsmanna sinna og að gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna á almennum og opinberum vinnumarkaði.

Ársverk félagsins voru 1,7, samanborið við 1,9 árið áður. Stjórnarmenn fá einnig greitt fyrir stjórnarstörf, líkt og árið áður.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum ef frá er talið mat á verðbréfum sem eru metin á gangvirði. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

Innlausn tekna

Félagsgjöld eru færð miðað við innsendar skilagreinar, á því tímabili sem skilagreinar tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

Skýringar og sundurliðanir

3. Laun og launatengd gjöld

	2023	2022
Laun starfsmanna og stjórnar	33.525.951	31.792.740
Önnur þóknun	9.525.648	10.633.759
Bifreiðastyrkur	240.000	473.682
Mótframlag	6.029.673	6.810.938
Tryggingagjald	3.131.897	3.156.667
Sjóðagjöld	1.186.624	1.007.220
Breyting á áföllnu orlofi	(1.556.681)	(4.801.987)
	<u>52.083.112</u>	<u>49.073.019</u>

4. Annar rekstrarkostnaður

	2023	2022
Annar starfsmannakostnaður	551.930	1.759.190
Ráðstefnur, ferðakostnaður	5.150	591.900
Rekstrarframlag til Húsfélags BHM sf.	3.822.636	3.530.584
Sími og burðargjöld	132.506	182.327
Bækur, blöð og tímarit	249.766	74.900
Pappír, prentun og ritföng	322.656	73.454
Rekstur tölvukerfis	887.536	1.358.753
Kostnaður vegna BIB	523.941	440.713
Aðkeypt þjónusta	411.916	404.043
Endurskoðun og reikningskil	1.059.518	1.092.502
Bókhaldsþjónusta	464.430	697.145
Lögfræðikostnaður	5.580.624	3.455.345
Kynningarmál og auglýsingar	131.638	1.325.910
Fundarkostnaður	1.375.363	482.879
Áhöld og tæki	716.061	736.256
Annar kostnaður	24.561	18.077
	<u>16.260.232</u>	<u>16.223.978</u>

Skýringar og sundurliðanir

5. Eignarhlutir í öðrum félögum

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga á 6,16% eignarhluta í Húsfélagi BHM sf. sem stofnað var á árinu 2004. Eignarhluturinn er færður skv. hlutdeildaraðferð. Með aðferðinni er tekið tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé félagsins.

Breytingar á eignarhlut í Húsfélagi BHM á árinu greinast þannig:

	2023	2022
Staða 1.1.	31.455.074	31.058.876
Hlutdeild í afkomu	161.902	498.726
Afskrift yfirverðs	(100.478)	(102.528)
Staða 31.12.	<u>31.516.498</u>	<u>31.455.074</u>

Undirritunarsíða

Oddgeir Ágúst Ottesen

Guðjón Hlynur Guðmundsson

Helga Sigurbjörg Sigurðardóttir

Stefán Þór Björnsson

Ingólfur Sveinsson

Sigríður Svavarsdóttir

Gunnar Þorvarðarson